




## Einn merkasti ljósmyndari samtímans

Mary Ellen Mark fæddist í Filadelfíu árið 1940 og byrjaði að mynda þegar hún var aðeins níu ára gömul. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í listfræði og myndlist árið 1962 og síðar með mastersgráðu í ljósmyndun. Á sjöunda áratugnum flutti hún til New York-borgar þar sem hún hófst handa við að mynda allt frá mótmælum gegn Víetnam-stríðinu og jafnréttisbaráttu kvenna til minnihlutahópa eins og klæðskiptinga og hjólhýsafólks. Hún hefur gefið út margar merkar ljósmyndabækur eins og Exposure, American Odyssey og Twins og hefur einnig myndað fyrir tímarit eins og Vanity Fair og Rolling Stone. Mary Ellen Mark myndaði börn í Öskjuhlíðarskóla árið 2006 og þær myndir birtust í bók og samnefndri sýningu sem nefnist Extraordinary Child.



# Vandaðar þrjónabækur – frá Hugmyndabanka heimilanna



Fullt verð 3.990 kr.

## Prjónað á börn

Bókin er glöðleg og skemmtileg með uppskriftum sem börnunum líkar. Uppskriftirnar eru í stærðum 2 - 12 ára, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Falleg og smart snið sem kitla og hvetja mann til að hefjast handa strax! Það sem heillar mig mest við bókina er hvað uppskriftirnar eru settar einfaldar fram, sniðin jafnt fyrir stelpur og stráka og einnig úrvalið af hversdags og fínni fatnaði. Afar sigild og eiguleg bók sem er ómissandi í mínu hannyrðabókasafni.\*

Ég mæli með því að lesa formálann í bókinni þar sem höfundurinn talar til þín á sinn einlæga hátt.

\*Anna Silfa - [www.garnbudin.is](http://www.garnbudin.is)



Fullt verð 3.990 kr.

Skráðu þig í Hugmyndabanka heimilanna og fáðu þessar frábæru bækur saman á aðeins 2.880 krónur.

**Skráðu þig núna á [www.edda.is](http://www.edda.is)**

**edda**  
www.edda.is

hlutunum þá fór þetta alltsaman fyrst að rúlla.“ Gínurnar sem bera fötin á sýningunni eru frá frægasta gínufyrirtæki heims, Rootstein. „Það byggir gínur sínar á þekktum fyrirsætum og þetta eru ekki venjulegar gínur heldur hafa þær öðruvísi yfirbragð og fágún en venjulegar gínur. Við fengum þær lánaðar til landsins því það er ekki alveg sama hvernig fót eru kynnt á svona sýningu. Þær hafa ólíka andlitsdrætti og eru í mismunandi stellingum og eru í raun grunnurinn að sýningunni.

### SAMVINNAN VIÐ MARY ELLEN MARK

Það sem einnig er útgangspunktur sýningarinnar eru einstakar og fágætar ljósmyndir bandaríska ljósmyndarans Mary Ellen Mark. Steinunn kynntist henni fyrst árið 2005 þegar sú fyrrnefnda var að mynda andlega og líkamlega fötl-uð börn í Öskjuhlíðarskóla. Sonur Steinunnar, Alexander, sem nú er orðinn fjórtán ára, er fjölfatlaður og tókst mikil vinátta milli hans og Mary-Ellen.

„Ljósmyndirnar eru teknar á fyrstu Polaroid-vélina sem var framleidd. Hún er mjög stór og það þarf þrjá til að halda á henni. Myndirnar koma svona beint úr vélinni. Allar myndirnar hér á veggjunum eru frumrit á polaroid-pappír og það er ekki unnt að eftirvinna þær á neinn hátt. Vinna Mary Ellen Mark er eins fagmannleg og maður getur hugsað sér og það er hreint ótrúlegt hversu fullkomnar myndirnar eru. Hún hefur einstakan skilning á viðfangsefni sínu og þar sem hún er ekki tiskuljósmyndari fá þær annan blæ en maður venjulega sér.“ Mary Ellen Mark hefur myndað fatalínur Steinunnar allt frá árinu 2006 og fanga þær allar ákveðinn gamaldags anda sem einnig hvílir yfir fötum Steinunnar á vissan hátt. „Þessar ljósmyndir eru mikil og alveg einstök listaverk. Það hefur verið mikil gæfa að kynnast Mary Ellen.“ Steinunn þagnar og brosir.

„Sonur minn hefur gert meira fallett fyrir mig í lífinu heldur en nokkur getur gert sér grein fyrir. Ég á honum svo margt að þakka.“

Sýningin opnar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag og stendur yfir til 31 janúar.